

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 8. júní 2026

Mál nr. S-26/2026:

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

(Sólveig Ingadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Jóhannes Már Sigurðarson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Málið var höfðað með ákæru lögreglustjóra, dags. 20. febrúar 2026, á hendur X, [...]. Það var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 11. maí 2026.

2. Í ákæru segir að málið sé höfðað gegn ákærða

„fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, sunnudaginn 28. september 2025, ekið bifreiðinni [...] undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 1,51 ‰) um [...], þar sem bifreiðin hafnaði utan vegar.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 3., mgr. 49. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019.

[...]

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019.“

3. Ákærði neitar sök og krefst þess að hann verði sýknaður af refsikröfum ákæruvaldsins. Til vara krefst ákærði þess að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsing verði skilorðsbundin. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda hans, að teknu tilliti til áhrifa virðisaukaskatts. Ákærði krefst þess að allur sakarkostnaður, sem gerð er krafa um úr hendi hans, verði greiddur úr ríkissjóði.

Helstu málsatvik

Lögregluskýrsla

4. Í lögregluskýrslu, dags. 29. september 2025, kemur fram að aðfararnótt 28. sama mánaðar hafi borist beiðni um að aðstoða sérsveit við umferðarslys sem sérsveitarmenn hafi ekið fram á. Á leiðinni á vettvang hafi borist þær upplýsingar frá sérsveitarmönnum á vettvangi að sennilega væri um ölvunarakstur að ræða.
5. Á vettvangi hafi bifreiðin [...] sést utan vegar skammt frá [...] en þá hafi sérsveitarmenn staðið með mann á milli sín við lögreglubifreið sína. Þær upplýsingar hafi fengist frá sérsveitarmanni A að þeir hafi séð manninn stíga út úr bifreiðinni ökumannsmegin en hann þó neitað að hafa ekið bifreiðinni. Sami sérsveitarmaður hafi sagt að megn áfengislykt væri af manninum en að hann hafi neitað að blása í áfengismæli.
6. Í sömu lögregluskýrslu er vitnað í bókun ritaða af sérsveitarmanni B sem hafi verið fyrstur á vettvang ásamt A. Í bókuninni kemur fram að þeir hafi verið á leið frá [...], rétt norðan við [...], við [...], þar sem þeir hafi komið auga á bifreiðina utan vegar. Er þeir hafi nálgast bifreiðina að aftanverðu hafi þeir séð ákærða stíga út um bílstjóradyr bifreiðarinnar, veifa til þeirra og gefa til kynna að það væri í lagi með hann. Hann hafi gengið til þeirra og gefið sig á tal við þá. Hann hafi borið einkenni þess að vera undir áhrifum áfengis, verið þvoglumæltur og áfengislykt verið af honum. Loftpúðar hafi verið búnir að springa út, bæði bílstjóra- og farþegamegin og bifreiðin verið töluvert tjónuð. Skömmu síðar hafi áhöfn lögreglubifreiðar [...] komið á vettvang og tekið við rannsókn málsins.
7. Greint er frá framburði ákærða á vettvangi. Haft er eftir honum að hann hafi sagst vera eigandi umræddrar bifreiðar en hafi neitað að hafa ekið henni þegar hún hafnaði utan vegar. Hann hafi sagst hafa verið á leiðinni til [...] með félaganum sínum sem hann vissi þó ekki hvað hétu. Þessi meinti félagi hans hafi ekið bifreiðinni þar sem ákærði hafi verið búinn að drekka nokkra bjóra um kvöldið og hafi ekki verið í aksturshæfu ástandi. Aðspurður um ökumanninn hafi ákærði sagst hann hafa hlaupið í burtu eftir slysið en að hann gæti ekki gefið skýringar á því hvers vegna hann hefði gert það. Aðspurður hafi ákærði ekki viljað veita frekari upplýsingar um ökumanninn. Ákærði hafi sagst hafa setið í farþegasæti frammi í bifreiðinni og að það síðasta sem hann myndi eftir hafi verið þegar hann hafi fengið hvítan líknarbelg bifreiðarinnar í andlitið við útafaksturinn.

8. Ákærði hafi verið staðfastur í sinni frásögn um öikumanninn sem hafi stungið af og að hann hafi einungis verið farþegi. Ákærði hafi blásið í áfengismæli sem hafi gefið jákvæða niðurstöðu varðandi vínanda. Um hafi verið að ræða áfengismæli sem hafi einungis gefið jákvæða eða neikvæða niðurstöðu og því hafi ekki verið um fullkomna mælingu að ræða. Eftir að komið hafi verið á lögreglustöð á [...] hafi ákærði blásið í annars konar áfengismæli sem hafi gefið niðurstöðuna 1,10%. Þar sem ákærði hafi ekki verið staðinn að akstri hafi verið tekin úr honum blóðsýni með klukkustundar millibili, en þrátt fyrir framburð ákærða hafi hann verið grunaður um aksturinn þar sem sérsveitarmennirnir sem hafi komið að slysinu hafi séð hann stíga út úr öikumannssætinu.
9. Enn fremur er í sömu lögregluskýrslu greint frá framburði ákærða á lögreglustöð, eftir seinni blóðsýnatökuna. Þar er haft eftir ákærða að hann hafi aðspurður sagst ekki vita hvað ökumaðurinn hétí. Ákærði hafi sagt hann hafa hlaupið í burtu eftir útafaksturinn og að hann myndi lítið eftir atvikinu nema að hann hefði séð hvítt og rankað við sér þegar sérsveitin hafi komið á vettvang.
10. Loks segir í skýrslunni að lögreglumenn D og E hafi farið aftur að vettvangi síðar um nóttina til að ljósmynda bifreiðina þar sem ekki hafi gefist tækifæri til að gera það við komu á vettvang. Ljóst hafi verið að miklar skemmdir væru á bifreiðinni eftir umferðarslysið og líknarpúðar við öikumannssæti og farþegamegin hafi sprungið út við atvikið.

Rannsókn á blóðsýnum

11. Rannsókn á blóðsýnum úr ákærða leiddi í ljós þá niðurstöðu að þegar fyrra sýnið var tekið hafi áfengismagn í blóði hans verið 1,51‰ en 1,32‰ þegar síðara sýnið var tekið.

Vottorð kírópraktors um áverka ákærða

12. Af hálfu ákærða var lagt fram vottorð F kírópraktors, dags. 12. mars 2026. Þar segir að ákærði hafi verið í meðferð hjá henni við stoðkerfisverkjum frá 14. september 2023. Hann hafi komið til hennar 17. október 2025, „þá rúmum tveimur vikum eftir umferðarslys“. Hann hafi kvartað yfir miklum bakverk vinstra megin og dofa niður vinstri handlegg í litla fingur og baugfingur. Við skoðun hafi komið í ljós tognun í vinstri öxl og baki, sem hafi valdið „ertingu á ulnar taug þannig dofa niður í hendina“. Aftanverð öxl hafi verið mjög snertiaum og stírd í öllum hreyfingum. Mikil eymsli hafi verið í vinstri spjaldlið og vont að lyfta vinstri fæti og sitja. Ákærði hafi verið með sjáanlega

bólgu, eymsli og verk við snertingu yfir brjóstið, frá hægri öxl niður á vinstra brjóst, eftir bílbelti.

Gögn um skoðunarferil bifreiðarinnar

13. Á yfirliti sem lagt hefur verið fram af hálfu ákærða kemur fram að umrædd bifreið hafi hlotið skoðun án athugasemda 28. júní 2024.

Framburðir fyrir dómnum

Skýrsla ákærða

14. Í skýrslu sinni fyrir dómnum bar ákærði um að hann hefði verið á balli á [...] og ósætti komið upp milli hans og konu hans. Hann hafi gefið sig á tal við hóp af strákum og einn þeirra verið tilbúinn að keyra ákærða til [...], sem ákærði hafi þegið. Þeir hafi svo farið upp í bílinn, þar sem ákærði hafi sest í farþegasætið, en ákærði muni lítið eftir það. Hann hafi svo rankað við sér þegar bíllinn hafi verið utan vegar og loftpúðar búnir að springa út. Ökumaðurinn hafi ekki verið í bílnum þegar ákærði hafi vaknað.
15. Aðspurður kvaðst ákærði ekki getað svarað til um nafn ökumanns bifreiðarinnar því hann myndi það ekki. Hann hafi hitt hann fyrir utan ballið. Hann kvaðst ekki hafa heyrt í ökumanninum eftir slysið. Aðspurður um hvort viðkomandi ökumaður væri frá [...] kvað ákærði hann hafa búið fyrir norðan síðast þegar hann vissi. Aðspurður um hvort ákærði hefði spurt manninn um hvort hann væri drukkinn sagðist ákærði hafa spurt hann tvisvar hvort hann gæti ekið.
16. Ákærði kvaðst hafa hringt í vin sinn eftir slysið þar sem hann hafi verið einn staddur á vettvangi því ökumaðurinn hafi verið farinn. Aðspurður um hvers vegna hann hafi farið út úr bílnum þegar lögregla kom á vettvang kvaðst ákærði hafa gert það því hann hafi talið að þarna væri vinur hans kominn. Aðspurður um skýringu á því að hann hafi stigið út ökumannsmegin kvað ákærði það hafa verið vegna þess að þær dyr bifreiðarinnar hafi þá verið opnar.
17. Aðspurður um áverka eftir atvikið kvaðst hann hafa fundið fyrir doðatilfinningu í vinstri handlegg og eymslum hægra megin í brjósti og aftur í bak.

Skýrsla lögreglumanns nr. A

18. Lögreglumaður nr. A bar um að sérsveitarmenn hefðu verið á ómerktum sérsveitarbíl á leið til [...] þegar þeir hafi séð bílljós utan vegar á móts við [...]. Þeir hafi numið staðar og síðan séð mann koma út úr umræddri bifreið, bílstjóramegin. Þeir hafi kallað á hann og spurt hvort fleiri væru í bílnum en ákærði sagt svo ekki vera, hann væri einn. Ákærði

hafi komið að bílnum þeirra og þeir farið að spjalla við hann. Ákærði hafi áttað sig á að þeir væru lögreglumenn og sagst ekki hafa verið að keyra. Þeir hafi kallað til lögreglu á [...] til að taka við málinu.

19. Lögreglumaðurinn lýsti aðstæðum á vettvangi þannig að þar hefði verið myrkur. Ummerki hefðu verið um að bíll ákærða hefði kastast af rampi við veginn, fram af smá barði. Líklega hefðu verið 30–40 metrar frá rampinum að þeim stað þar sem bíllinn stóð. Bifreiðin hafi ekki verið í gangi en ljósin verið kveikt. Hann kvað bílstjóradyrnar ekki hafa verið opnar þegar þeir komu, heldur hafi hún verið opnuð eftir það og ákærði þá stigið út.
20. Aðspurður kvaðst lögreglumaðurinn ekki hafa séð nein merki þess að annar en ákærði hefði verið í bifreiðinni. Þá hafi ákærði aðspurður sagst vera einn. Enn fremur hefðu sérsveitarmennirnir ekki orðið varir við mann á gangi í grenndinni og honum væri ekki kunnugt um að tilkynnt hefði verið um slíkt.

Skýrsla lögreglumanns nr. B

21. Lögreglumaður nr. B kvað sérsveitarmennina hafa verið á leiðinni frá [...] þegar þeir hafi séð bifreiðina utan vegar. Þeir hafi séð að einhver væri búinn að keyra út af og að bifreiðin væri tjónuð. Maður hafi stigið út um ökumannsdyr bifreiðarinnar. Hinn sérsveitarmaðurinn hafi kallað og spurt manninn hvort það væri í lagi með hann, sem hann hafi sagt vera. Ákærði hafi greinilega verið ölvaður. Þeir hafi reynt að fá hann til að blása í áfengismæli, sem hann hafi fyrst neitað að gera en síðan reynt en það ekki gengið. Síðan hafi staðarlögregla á [...] tekið við málinu.
22. Hann lýsti aðstæðum á vettvangi þannig að þar hefði verið dimmt, þurrt, kalt og næðingur. Lítil sem engin umferð hafi verið enda klukkan orðin margt. Hann sagði báða loftþúða bifreiðarinnar hafa verið sprungna út og að bifreiðin hefði verið tjónuð bæði að framan og aftan. Aðspurður sagði hann að honum hefði sýnst dyrnar beggja megin á bifreiðarinni vera lokaðar áður en ákærði hafi stigið út. Þá kvað hann ekkert hafa gefið til kynna að einhver annar hefði verið í bifreiðinni. Hann kvað sérsveitarmennina hafa farið áfram til [...] af vettvangi. Þeir hafi ekki orðið varir við gangandi mann á þeirri leið eða fengið tilkynningu um slíkt.
23. Aðspurður um frásögn ákærða af atvikum kvað hann ákærða hafa sagst ekki hafa ekið bifreiðinni sjálfur, heldur einhver annar sem síðan hafi hlaupið í burtu.

Skýrsla lögreglumanns nr. G

24. Lögreglumaður nr. G kvaðst hafa farið á vettvang eftir að tilkynning hafi borist. Þar hafi bíll verið utan vegar. Sérsvaitarmenn hafi sagst hafa séð ákærða koma út úr bílnum bílstjóramegin. Ákærði hafi sagst ekki hafa keyrt bifreiðina heldur félagi hans sem hafi keyrt og síðan hlaupið í burtu. Loftpúðar hafi verið sprungnir.
25. Lögreglumaðurinn kvaðst ekki hafa orðið var við mann á gangi í grennd við vettvang eða að tilkynnt hefði verið um slíkt. Hann kvaðst ekki muna eftir umferð um veginn í umrætt sinn, nema kannski að 1–2 bílar hefðu verið á ferð um veginn milli [...]. Þá hefðu ekki verið sýnileg nein ummerki um að einhver annar en ákærði hefði verið í bifreiðinni.

Skýrsla lögreglumanns nr. H

26. Lögreglumaður nr. H greindi frá því að ákærði hefði verið færður í lögreglubifreið eftir að staðarlögregla kom á vettvang. Ákærði hafi þar sagst ekki hafa ekið bifreiðinni heldur vinur hans. Vitnið kvaðst ekki hafa séð annan mann en ákærða á vettvangi og að lögreglumennirnir hefðu ekki orðið varir við annan mann á leiðinni á [...]. Ekki hefði heldur verið tilkynnt um slíkt.
27. Vitnið kvað loftpúða hafa verið sprungna frammi í bifreiðinni, bæði ökumanns- og farþegamegin.

Skýrsla F kírópraktors

28. F kírópraktor staðfesti fyrrgreint vottorð sitt. Hún lýsti áverkum ákærða á þann hátt að hann hefði verið tagnaður aftanvert í vinstri öxl og öll hreyfing þar verið sár. Jafnframt hafi hann verið með áverka framanvert á hægri öxl. Hún kvað áverka ákærða hafa verið samrýmanlega því að hann hefði verið farþegi í framsæti bifreiðarinnar, því þá grípi öryggisbelti hægri öxl en ekki þá vinstri. Því væri aftur á móti öfugt farið þegar setið væri í bílstjórásæti bifreiðar og áverkar ákærða fengju ekki samrýmst því að hann hefði verið ökumaður.

Helstu röksemdir ákæruvaldsins

29. Af hálfu ákæruvaldsins er byggt á því að fram sé komin lögfull sönnun um sekt ákærða. Vísað er til þess að sérsvaitarmenn ríkislögreglustjóra hafi orðið vitni að því þegar ákærði hafi stigið út úr bifreiðinni ökumannsmegin í kjölfar útafaksturs. Hlutlæg sönnunargögn á vettvangi styðji framburð lögreglu umfram haldlausar skýringar ákærða.
30. Lögreglumenn hafi staðfest að ákærði hafi farið út um ökumannsdyr bifreiðarinnar. Slík bein skynjun lögreglu hafi ríkt sönnunargildi. Fullyrðingar ákærða um að annar maður

hafi ekið og horfið út í buskann fái enga stoð í gögnum málsins. Ákærði hafi sjálfur borið um það í upphafi að hann hafi rankað við sér þegar sérsveitarmenn hafi komið á vettvang, hann hafi þá stigið út úr bifreiðinni og gengið til þeirra. Engar skýringar hafi komið fram á því hvað hann hafi verið að gera í sæti ökumanns.

31. Fyrrgreint vottorð kírópraktors feli ekki í sér næga sönnun um sekt ákærða. Það hafi verið gert tæpum þremur vikum eftir umrætt atvik. Svo langur tími rýri verulega sönnunargildi þess um orsakatengsl áverka við umræddan akstur. Þekkt sé í dómaframkvæmd að jafnvel lækna geti átt erfitt með að slá því föstu stuttu eftir slys hvort áverkar, þ.m.t. marblettir eftir bílbelti, séu til komnir vegna stöðu ökumanns eða farþega. Mat kírópraktors nokkrum vikum síðar dugi því varla til að hnekkja beinum vitnisburði lögreglu um að ákærði hafi stigið út ökumannsmegin.
32. Það að líknarbelgur farþegamegin hafi sprungið út sanni ekki heldur að farþegi hafi setið þar þegar útafaksturinn átti sér stað. Við harðan árekstur eða útafakstur sé algengt að öryggiskerfi bifreiða leysi út fleiri en einn líknarbelg, óháð því hvort setið sé í viðkomandi sæti. Skýrslur rannsóknarnefndar samgönguslysa staðfesti þetta. Sprunginn líknarbelgur feli því ekki í sér sjálfstæða sönnun þess að maður hafi setið í farþegasætinu. Málsástæða ákærða, hvað þetta varðar, sé algerlega órökstudd og ósönnuð.
33. Samandregið vísar ákæruvaldið til þess að framburður lögreglu um atvik á vettvangi sé skýr og afdráttarlaus. Engin gögn bendi til þess að einhver annar hafi ekið bifreiðinni og vottorð sem aflað hafi verið löngu síðar geti ekki haggð sönnunarmatinu. Skilyrði sakfellingar séu því uppfyllt.

Helstu röksemdir ákærða

34. Ákærði neitar sök og byggir vörn sína á því að hann hafi ekki verið ökumaður bifreiðarinnar þegar atvikið átti sér stað, heldur hafi hann verið farþegi í framsæti eigin bifreiðar. Ákærði hafi umrædda nótt verið á samkomu á [...] þar sem hann hafi neytt áfengis. Eftir ósætti við eiginkonu sína hafi hann ákveðið að fara til [...]. Meðvitaður um eigið ölvunarástand og vanhæfni til aksturs hafi hann leitað að fari með ökumanni sem gæti keyrt bíl hans.
35. Fyrir utan samkomustaðinn hafi hann hitt hóp ungra manna. Ákærði hafi þar m.a. rætt fyrirhugaða ferð til [...], þegar einn þeirra hafi spurt hvort hann gæti fengið far þangað. Ákærði hafi boðið manningnum að aka bifreið sinni gegn því að hann fengi sjálfur far með. Áður en lagt hafi verið af stað hafi ákærði spurt manninn tvívegis hvort hann væri

örugglega í ökuhæfu ástandi, sem maðurinn hafi sagt vera og ákærði hafi ekki vitað betur en að sú væri raunin. Ákærði hafi þá sest í farþegasætið frammi í og lagt hafi verið af stað í átt til [...]. Skömmu síðar hafi ákærði sofnað eða misst meðvitund, þar sem hann hafi verið töluvert ölvaður. Það næsta sem hann muni sé að hann hafi rankað við sér einn í bifreiðinni og áttað sig á því að hún hefði hafnað utan vegar. Loftpúðinn farþegamegin hafi sprungið út og verið í andliti hans.

36. Í ringulreiðinni eftir slysið hafi ákærði hringt í vin sinn og beðið hann um að sækja sig. Stuttu síðar hafi hann séð ljós nálgast og þegar hann hafi séð að það var lögreglan og að hún hefði numið staðar hafi hann gengið í átt að henni, gefið sig á tal við þá lögreglumenn sem þar hafi verið og útskýrt fyrir þeim hvað hefði gerst. Ákærði hafi verið rólegur og viljugur til að svara öllum spurningum lögreglu og verið staðfastur í frásögn sinni, líkt og fram komi í lögregluskýrslu.
37. Vísað er til þess að sönnunarbyrði hvíli á ákæruvaldinu, sbr. 1. mgr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Sönnunarkrafan sé ströng og sönnun um sekt ákærða þurfi að vera hafin yfir skynsamlegan vafa. Slíkur vafi sé til staðar í málinu og því beri að sýkna ákærða. Framburðir lögreglumanna sem hafi komið á vettvang og séð ákærða stíga ökumannsmegin út úr bifreiðinni feli ekki í sér óyggjandi sönnun um hver hafi ekið henni, sérstaklega þegar þeir séu metnir á móti þeim áþreifanlegu sönnunargögnum sem hafi verið lögð fram og þeirri staðreynd að báðir loftpúðar bifreiðarinnar hafi sprungið út.
38. Í vottorði F kírópraktors, dags. 12. mars 2026, sé því lýst að ákærði hafi verið með sjáanlega bólgu, eymsli og verk við snertingu yfir brjóstið, frá hægri öxl niður vinstra brjóst, eftir bílbelti. Þessi lýsing sé lykilsönnunargagn. Áverkamynstur eftir öryggisbelti sé ólíkt eftir því hvort viðkomandi sitji í ökumannssæti eða farþegasæti. Belti ökumanns liggi frá vinstri öxl niður að hægri mjöðm. Belti farþega í framsæti liggi hins vegar frá hægri öxl niður að vinstri mjöðm. Áverkinn sem lýst sé í vottorðinu sé því í fullkomnu og ótvíræðu samræmi við það að ákærði hafi verið farþegi í framsæti bifreiðarinnar. Þetta áþreifanlega sönnunargagn vegi þungt og skapi verulegan og skynsamlegan vafa um staðhæfingu ákæruvaldsins.
39. Báðir loftpúðar bifreiðarinnar hafi sprungið út. Í þeirri gerð bifreiðar sem hér um ræði sé farþegaloftpúði háður skynjara sem nemi hvort farþegi sé í sæti. Sú staðreynd að farþegaloftpúði hafi virkjast styðji framburð ákærða um að hann hafi verið farþegi en

ekki ökumaður. Sé tekið mið af því að slysið hafi ekki verið þess eðlis að um gríðarlega mikið högg hafi verið að ræða, sé virkjun loftpúðans sterk vísbending um að skynjarinn hafi numið þyngd í farþegasætinu. Þetta, ásamt áverkavottorðinu, renni afar styrkum stöðum undir þá staðreynd að tveir hafi verið í bifreiðinni. Þá komi þetta heim og saman við það að lögreglumenn hafi ekki talið þörf á því að spyrja ákærða hvort hann væri slasaður eða þyrfti aðhlyningu, sem ljóst verði að telja að hafi verið sökum þess að ekki hafi verið um mikið högg að ræða. Í málinu hafi verið lagt fram skjal sem sýni m.a. skoðunarferil bifreiðarinnar, þar sem fram komi að í síðustu aðalskoðun hennar áður en málsatvik hafi átt sér stað hafi hún verið skoðuð án athugasemda. Bifreiðar fái ekki fulla skoðun ef viðvörunarljós tengd loftpúðakerfi þeirra logi. Því sé hægt að slá því föstu að ekkert hafi verið að loftpúðakerfi bifreiðarinnar sem leitt hafi til þess að báðir loftpúðar gætu sprungið út án þess að farþegi væri staddur í farþegasæti í bifreiðinni, eða að lágmarki telja verulegan vafa leika á um það atriði. Þvert á móti verði að draga þá ályktun að loftpúðakerfið hafi einmitt verið í fullkomnu lagi og loftpúðinn fyrir farþega í framsæti bifreiðarinnar hafi sprungið út vegna þess að nemi í sætinu hafi sent þau skilaboð í vélbúnað loftpúðakerfisins að farþegi væri í sætinu.

40. Framburður ákærða hafi verið staðfastur, sé trúverðugur og í fullu samræmi við önnur gögn málsins. Hann viðurkenni að hafa verið ölvaður. Einmitt vegna þess ástands hafi hann ekki treyst sér til að aka og fengið annan, óþekktan aðila til að keyra sig. Sú staðreynd að hann muni ekki hver ökumaðurinn hafi verið, eða geti ekki nafngreint hann, sé skiljanleg í ljósi ölvunarástands hans.
41. Það sé ekki á ábyrgð ákærða að finna eða benda á hinn raunverulega ökumann. Sú skylda hvíli ekki á honum. Það sé þekkt að ökumenn stingi af frá vettvangi slysa, sérstaklega ef þeir hafi hagsmuna að gæta. Sú staðreynd að ökumaðurinn hafi ekki gefið sig fram sé því ekki óeðlileg og geti ekki verið notuð gegn ákærða. Þá komi hvergi neitt fram í gögnum málsins um að lögregla hafi reynt að hafa uppi á hinum óþekkta ökumanni.
42. Þegar sönnunargögnin séu vegin og metin í heild sé niðurstaðan sú að verulegur og skynsamlegur vafi leiki á um sekt ákærða.

Forsendur og niðurstöður

43. Samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skal hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Þá gildir samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákærvaldinu. Samkvæmt 109. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti.
44. Ákærða er gefið að sök að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis. Óumdeilt er að ákærði var undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. Hann neitar aftur á móti að hafa ekið bifreiðinni sjálfur og ber því við að það hafi annar maður gert og síðan horfið af vettvangi eftir að bifreiðin hafnaði utan vegar.
45. Ákærði var ekki staðinn að akstri bifreiðarinnar umrædda nótt. Þegar lögregla kom á vettvang var bifreiðin utan vegar með ljósin kveikt og ákærði sást þá stíga út úr bifreiðinni ökumannsmegin. Enginn annar var þá sjáanlegur á vettvangi sem hefði getað hafa ekið bifreiðinni. Þessi síðastnefndu atriði eru til þess fallin að styðja við ályktun um að ákærði hafi ekið bifreiðinni.
46. Á hinn bóginn liggur fyrir vottorð kírópraktors, dags. 12. mars 2026, þar sem greint er frá skoðun á ákærða 17. október 2025, þ.e. tæplega þremur vikum eftir að atvik málsins áttu sér stað, þó að í vottorðinu segi að það hafi verið „rúmum tveimur vikum eftir umferðarslys“. Í vottorðinu kemur m.a. fram að ákærði hafi þá verið „með sjáanlega bólgu, eymsli og verk við snertingu yfir brjóstið, frá hægri öxl niður vinstra brjóst eftir bílbelti“. Í skýrslu kírópraktorsins fyrir dómnum kom fram að umræddir áverkar ákærða hefðu verið samrýmanlegir því að hann hefði verið farþegi í framsæti bifreiðar, því þá gripi öryggisbelti hægri öxl en ekki þá vinstri, en fengju aftur á móti ekki samrýmst því að hann hefði verið í ökumannssæti bifreiðarinnar þegar slysið átti sér stað.
47. Þegar framangreint er virt í heild, einkum vottorð kírópraktorsins og skýrsla hennar fyrir dómnum, sem og það að engin vitni hafa getað borið um akstur bifreiðarinnar umrædda nótt, er það að mati dómsins ekki hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru. Ekki skiptir höfuðmáli í því sambandi þótt kírópraktorinn hafi ekki skoðað ákærða fyrir en næstum þremur vikum eftir atvikið, enda ekkert fram komið um að ákærði hafi orðið fyrir öðru slysi í millitíðinni. Því ber að sýkna

ákærða af kröfum ákæruvaldsins, sbr. fyrrgreind ákvæði 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

48. Í ljósi þeirrar niðurstöðu ber að greiða úr ríkissjóði málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhannesar Mús Sigurðarsonar lögmanns, svo og annan kostnað vegna varna ákærða, sbr. 235. gr. og a-lið 1. mgr. 233. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Málsvarnarlaunin þykja, að virtu umfangi málsins og með hliðsjón af tímaskýrslu verjandans, hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir, að meðtöldum virðisaukaskatti. Samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins nemur annar sakarkostnaður 110.404 krónum.
49. Sólveig Ingadóttir aðstoðarsaksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins. Af hálfu ákærða flutti málið skipaður verjandi hans, Jóhannes Már Sigurðarson lögmaður.
50. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhannesar Mús Sigurðarsonar lögmanns, 1.450.000 krónur.

Þorsteinn Magnússon